



Sólrun Yngvadóttir og Helga Harðardóttir í hlutverkum Ragnhildar miðils og Guddu.

„Leynimelur 13“ frumsýndur hjá LK í kvöld

„Það er óhætt að segja að leikararnir hérna séu áhugasamir. Þegar sýningar hefjast á Leynimelum verða sumir leikararnir á sviðinu 3 til 4 kvöld í viku, auk þess sem mikill tími fer í æfingar,“ sagði Guðrún Ásmundsdóttir, en hún leikstýrir nýju verki sem Leikfélag Kópavogs er að hefja sýningar á, Leynimelur 13, í nýrri leikgerð Guðrúnar.

Leikfélag Kópavogs á 25 ára afmæli um þessar mundir og í því tilefni var efnt til sérstakrar hátíðarsýningar á Leynimelum, og verður frumsýning í kvöld. Þetta er þriðja leikritið sem Leikfélagið sýnir á þessu leikári, fyrr á leikárinu voru sýningar á Þorláki þreytta og sýningar standa nú yfir á Aldrei er friður eftir Andrés Indriðason, og hefur aðsókn í vetur verið góð að sögn forráðamanna leikfélagsins.

Leikritið „Leynimelur 13“ er eftir Þridrang, eða þá Harald Sigurðsson, Emil Thoroddsen og Indriða Waage. Leikgerð Guðrúnar er töluvert breytt frá upphaflegri mynd, en inn í leikinn hefur verið bætt þekktum lögum frá stríðsárunum við texta Jóns Hjartarsonar og mun Magnús Pétursson sjá um undirleik á pianó.

Um 20 manns koma fram í sýningunni, aðstoðarleikstjóri er

Haraldur Einarsson, höfundur leikmynda er Ivan Török, um lýsingu sér Lárus Björnsson og Halla Harðardóttir sér um bún- inga.

Hluti leikritsins fer fram í salnum og verður honum því lokað um leið og sýning hefst. Í helztu hlutverkum eru Sigurður Grétar Guðmundsson, Sigurður Jóhannesson, Helga Harðardóttir, Einar Guðmundsson, Sólrun Yngvadóttir, Sigríður Eyþórsdóttir, og Hólmfríður Þórhallsdóttir.

Leikfélag Kópavogs var stofnað 5. janúar 1957, og hafa um 50 verk verið tekin til sýninga frá upphafi. Margir leikaranna hafa starfað lengi með leikfélaginu og léku þau Sigurður Grétar Guðmundsson og Hólmfríður Þórhallsdóttir t.d. einnig í uppfærslu leikfélagsins á Leynimelum fyrir 25 árum, en það var þá annað verkefni félagsins á fyrsta leikári þess.

Mál opinberra starfsmanna til Kjaranefndar í vikulok

BSRB og ASÍ ræða um „landamæri“ sín á milli

Talsverðrar óánægju hefur að undanförunu gætt meðal opinberra starfsmanna vegna seinagangs og lítilla undirtekta fulltrúa fjármálaráðherra við gerð sérkjarasamninga. Í fjölmöldum hafa forystumenn ríkisstarfsmannafélaga talað um svik ráðherra og telja hann ekki hafa staðið við fyrirheit. Af þessu tilefni ræddi Morgunblaðið við Harald Steinþórsson, framkvæmdastóra BSRB, og var hann fyrst spurður út í þau orð forystumanna hinna einstöku félaga, að ástæða sé fyrir félögin að ihuga úrsögn úr BSRB.

„Varðandi úrsögn úr bandalaginu liggur ekki annað fyrir, en að starfsmenn stjórnarráðsins munu taka það mál fyrir á aðalfundi félags síns. Það er svo annað, að félögin hafa oft athugað þýðingu þess hvað aðild að BSRB þýði, slíkar athuganir eru ekkert nýjar og hafa ekki verið bandalaginu í óhag. Hitt er svo annað, að fjölmennir hópar leita einmitt nú eftir því að komast inn í BSRB. Nærtækasta dæmið er um starfsfólk á Kleppspítala og þessu er víðar á þennan veg farið, t.d. á Siglufirði.“

Nú standa yfir viðræður á milli Alþýðusambands Íslands og BSRB um tilfærslur á milli verkaldsfélaga. Þarna er um nokkurs konar landamæra viðræður að ræða, en nokkuð hefur verið um það, að fólk

hafi flutzt á milli ASÍ-félaga og bæjarstarfsmannafélaga, einkum til bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB.“

— Nú ganga viðræður um sérkjarasamninga mjög illa og fyrirheit, sem gefin voru í viðræðum um aðal- kjarasamninga hafa ekki verið efnd, að sögn talsmanna ýmissa félaga. Hvað vilt þú, sem formaður samninganefndar BSRB, segja um það mál?

„Í samningaviðræðunum kom fram í orðum fjármálaráðherra, að hann vildi athuga samanburð við launakjör annarra, en varðandi sérkjarasamninga lá ekkert loforð fyrir af hans hálfu. Við höfum fengið bráðabirgðaskýrslu, sem sýnir mismun á kjörum, okkur í óhag. Okkur hafði verið lofað niðurstöðum rannsóknar Kjararannsóknarnefndar, en hún hefur ekki verið kunngerð ennþá. Okkur er sagt, að hún liggi fyrir,

en við höfum ekki fengið aðgang að niðurstöðunum.

Mér skilst, að í umræðum félaga hafi tilboð ríkisins verið ákaflega lítið og sömuleiðis hafi þar verið slegið fram einhverjum fullyrðingum um forrættindi opinberra starfsmanna, sem ekki standast. Flest félög ríkisstarfsmanna eru byrjuð að undirbúa sig undir að fara með málið fyrir Kjaranefnd. Þangað fara málin í lok vikunnar lögum samkvæmt náist samningar ekki. Bæjarstarfsmannafélögin hafa hins vegar fengið frest til 15. apríl.

Þær vonir, sem menn bundu við gerð sérkjarasamninga virðast ekki ætla að rætast með samningum við ríkisstjórnina. Hvort það gerist með dómi Kjaranefndar er annað mál, en ég er yfirleitt ekki hjartssýnn á niðurstöðu gerðardóma, sagði Haraldur Steinþórsson.



Bíóbær sýnir Hallærisplanið

BÍÓBÆR hefur tekið til sýningar kvikmyndina „Hallærisplanið“. Myndin fjallar um óhaminn æskulýð, og þau uppátæki sem hann tekur sér fyrir hendur.

Miklir flokkadrættir eru á milli helztu hópanna, og berjast þeir um völdin.

Brátt dregur til tíðinda. Myndin er full af spennu og ofsalegum uppátækjum, segir í frétt frá bíóinu.

55 ára afmæli Heimdallar:

Afmælisfagnaður í Þórscafé

SÍÐASTI liðurinn á afmælisvöku Heimdallar, í tilefni 55 ára afmælis félagsins, er í kvöld. Þá verður fagnaður í veitingahúsinu Þórscafé, kvöldverður, ræðuhöld, skemmtiatriði og dans. Hefst afmælisfagnaðurinn klukkan 19.

Ræðu kvöldsins flytur formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna, Geir H. Haarde hag-

fræðingur. Veislustjóri verður Haraldur Blöndal hæstaréttarlögmaður. Meðal skemmtiatriða verða valin atriði úr Þórskabarett, og að borðhaldi loknu verður stigin dans við undirleik hljómsveitarinnar Galdrakarla.

Heimdallarfélagar eru hvattir til að fjölmenna á afmælisfagnaðinn, sem og aðrir sjálfstæðismenn. Stjórn Heimdallar hvetur sér-

staklega alla fyrrverandi stjórnarmenn félagsins til að koma, einnig borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, alþingismenn og aðra trúnaðarmenn.

Borðapantanir eru í dag í síma 82900, og á skrifstofum Sjálfstæðisflokksins, og síðustu miðar verða seldir við innganginn í Þórscafé í kvöld.

(Fréttatilkynning)

Ásgerður Búadóttir sýnir með „Koloristerne“

Í síðasta mánuði héldu hin virtu listamannasamtök „Koloristerne“ afmælisýningu í sýningarbyggingunni „Den Frie“ í Kaupmannahöfn, en þau hafa nú staðið fyrir árlegum sýningum meðlima sinna allt síðan 1932.

Ásgerði Búadóttir myndvafara var boðið að taka þátt í sýningunni, einni gesta, en hún hefur áður sýnt þrívíðar myndir með „Koloristerne“ síðan 1975. Hafa nú borist dómar um sýninguna, sem birtust í Kaupmannahafnarblöðunum Politiken og Information.

Gertrud Köbke Sutton listfræðingur skrifar grein í Information sem hún nefnir Kunst uden kunstighed — List án tilgerðar. Um sýninguna í heild segir hún m.a.: „Koloristerne er samræmdur hópur þroskaðra einstaklinga, sem vita hvað þeir geta — og gera það. Því eru sýningarsalir Den Frie fullir af lifandi, skynrænum og persónulegum listaverkum.“ Síðan rekur hún hlut ýmissa sýnenda og segir: „Hjá myndvafurum tveim, Nönnu Hertoft og Ásgerði Búadóttur, er efnið og handverkið ekki síður lausnarorð tjáningarinnar. Í

verkum hins íslenska gests fer frjálsleiki efnisins og ljós myndskipun saman og verða til þess að skapa lifandi, hlýja og tilfinninganæma vefmynd. Að nokkrum hluta er hún að segja okkur frá Íslandi, í litum og formum, en að hluta gerir hún okkur mögulegt að upplifa beint raunveru Íslands, með því að láta verk sín mynda bakgrunn móti snöggu risi hins stríða og óspunna hrosshárs.“

Gertrud Köbke Sutton lýkur grein sinni með þessum orðum: „Í ljóma þessa samstirnis, sem ekki er þó samspil, heldur tvöföld staðfesting á þeim undramætti listarinnar að vekja mannshugann, uppgötvum við hluti sem við höfum áður gengið blindandi hjá.“

Pierre Lübecker skrifar grein í Politiken, sem hann nefnir I stille medvind — Í hægum meðbyr. Í upphafi greinarinnar rekur Lübecker hálfra aldar feril Koloristerne, mótbyr þeirra og meðbyr, og telur sýninguna nú hafa styrkst, eftir nokkra lægð. Síðan segir hann: „Það er Sigríð Lütken, Finn Nielsen og Astrid Klen-

au, sem auðga sýninguna hvað mest með sínum stórsniðnu verkum. Öll þrjú hafa þau hér lagt til verk sem vekja aðdáun. En það er Nanna Hertoft og hinn íslenski gestur sýningarinnar, Ásgerður Búadóttir, sem eiga heiðurinn af hinum ríkulegu myndvafnaðarverkum, þar sem hið litræna og efniskennða standa í samræmi á innblásinn hátt. Ég vil enda orð mín með þessu afmælisheilræði til hins gróna sýningarhóps: Gætið vel að þessari íslensku listakonu, hún hæfir þessum hópi eins og hönd glófa.“

Ásgerður Búadóttir tekur þátt í fleiri sýningum erlendis um þessar myndir. Laugardaginn 20. febrúar verður opnuð í Hæsselby-höll við Stokkhólm sýning sem nefnist „Nutida Nordisk Konst“. Sýning þessi er saman sett að frumkvæði listmálarans Lars Hofsjö, fyrrum formanns Norræna listbandalagsins, og valdi hann með sér listamenn frá öllum Norðurlöndunum, þannig að tveir verða frá hverju landi, eða 10 nútímalistamenn alls. Frá Íslandi urðu þær Ásgerður Búadóttir og Valgerður Briem fyrir



Ásgerður Búadóttir

valinu, en verkum þeirra kynntist Hofsjö á síðustu haustsýningu FÍM hér í Reykjavík. Sýningin verður í „Galerie Plaisiren“ við Hæsselby-höll, og stendur hún yfir fram til 4. apríl.

W T
RHD G

ERMETO
háprýstirör og tengi

Atlas hf
Ármúla 7. — Sími 26755.
Pósthólf 493 — Reykjavík.

Matvöruverslun

Af sérstökum ástæðum er til sölu lítil matvöruverslun á mjög góðum stað nálægt miðbæ Reykjavíkur. Verslunin er í fullum rekstri og hefur góða veltu. Hugsanlegt að taka góðan bil eða fasteign upp í kaupverð.

Tilboð merkt: „H — 8224“ sendist auglýsingad. Mbl. fyrir 24. þ.m.